



Skólasamfélag Ingunnarskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Ingunnarskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju.

Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Skref 1

Tilkynning er skráð og henni komið til umsjónarkennara

Umsjónarkennari virkjar eineltisteymi sem hefur úrvinnslu og notar til þess gátlista vegna tilkynningar um grun um einelti.

Tilkynningareyðublað Ingunnarskóla vegna gruns um einelti:

<https://tinyurl.com/Ingunnarskoli-einelti>

Skref 2

Eineltisteymi Ingunnarskóla:

- fundar eftir þörfum.
- heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála.
- Veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.

Í eineltisteymi eru:

Aðstoðarskólastjóri
Námsráðgjafi
Umsjónarkennari
Deildarstjóri stoðþjónustu ef við á
Frístund / Félagsmiðstöð

Fulltrúar eineltisteymis:

- Ræða við þolanda og foreldra hans.
- Upplýsa foreldra meints geranda um tilkynninguna og að könnun fari nú fram.
- Biðja umsjónarkennara að leggja tengslakönnun fyrir bekkinn.
- Leita upplýsinga hjá öðrum nemendum.
- Leita upplýsinga hjá starfsfólki skólans og öðrum sem tengjast þolanda og geranda og starfsmönnum félagsmiðstöðvar/frístundar.
- Óska eftir því við það starfsfólk sem við á hverju sinni að það fylgist vel með og tilkynni umsjónarkennara ef upp koma óæskileg atvik.
- Funda með geranda og foreldrum hans.
- Funda með þolanda og foreldrum hans.

Ef einelti er staðfest og hættir ekki fer eftirfarandi ferli í gang:

Skref 3

Aðgerðaráætlun virkjuð

Eineltisteymi setur upp aðgerðaráætlun til þess að stöðva eineltið í samráði við foreldra, samkvæmt eineltisáætlun Ingunnarskóla og gátlista frá Reykjavíkurborg:

<https://reykjavik.is/gatlisti-vegna-eineltis>

Ef málið er enn óleyst er því vísað til nemendaverndarráðs